

Nd.

611. Frumvarp

til laga um heimild fyrir landssjóð til að kaupa hlutabréf í Íslands banka og til að gefa út landssjóðs-skuldabréf.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

1. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að kaupa hlutabréf í Íslands banka, alt að 2 milljónum króna, og borga hlutabréfin með alt að 101 hundraðið. Hlutabréfunum fylgja arðmiðar frá 1. júlí 1909, og séu kaupin gerð frá þeim tíma.

2. gr.

Til greiðslu á hlutabréfum þessum skal landssjóði heimilt að gefa út jafnháa upphæð í landssjóðs-skuldabréfum. Skulu greiðast $4\frac{1}{2}\%$ ársvextir af skuldabréfum þessum og greiðast þeir 2. janúar og 1. júlí ár hvert. Skuldabréf þessi kaupir Íslands banki fyrir að minsta kosti 98 hundraðið. Mismun á verði hlutabréfa bankans og skuldabréfa landssjóðs skal greiða í peningum.

3. gr.

Upphæð skuldabréfanna skal vera 500,1000 og 2000 krónur.

4. gr.

Landssjóður skal innleysa landssjóðs-skuldabréf þessi eftir hlutkesti, er fari fram í fyrsta sinn í desember 1910, og sé fyrsti innlausnargjalddagi 1. júlí 1911. Skal innleysa $\frac{1}{60}$ hluta skuldabréfanna á ári með 40,000 krónum, þannig, að landssjóður hafi leyst þau öll til sín á 50 ára fresti.

Landssjóði er þó heimilt að leysa bréfin til sín aftur að fullu eftir 1. júlí 1919

5. gr.

Þær 2 milljónir, sem landssjóður kaupir í hlutabréfum Íslands banka, skal landssjóður skyldur að geyma sem tryggingu fyrir skuldabréfum þeim, er hann hefir keypt hlutaféð fyrir og sem eru í umferð. Þó losna hlutabréfin úr þessari tryggingu jafnóðum og skuldabréfin eru innleyst.

6. gr.

Nú þykir stjórnarráði Íslands hagkvæmara að taka útlent lán handa landssjóði til að kaupa hlutabréf þau, er um getur í 1. gr., og er þá ráðherra Íslands veitt heimild til að taka slíkt lán, alt að 2 — tveim — milljónum króna, er endurborgast með jöfnum afborgunum á 30 árum, en þó mega vextir af slíku láni eigi fara fram úr $4\frac{1}{2}\%$ á ári og skal lánið óuppsegjanlegt frá hálfu lánveitanda.

7. gr.

Verði lán það tekið, sem nefnt er í 6. gr., veitist ráðherra Íslands ennfremur heimild til að gefa út landssjóðsskuldabréf fyrir láninu, og skulu skuldabréfin útbúin með vaxtamiðum sem greiddir séu tvisvar á ári, 2. dag janúar og 2. dag júlímánaðar. Skuldabréfin skulu vera á íslenzku og máli þess lands sem lánið veitir, og mynt þess.

8. gr.

Landritari og dómendur í yfirréttinum skulu, fyrir landssjóðs hönd, fara með atkvæði landssjóðs sem hlutabréfseiganda á aðalfundum Íslands banka. Skulu þeir hver um sig hafa atkvæði fyrir $\frac{1}{3}$ milljón hlutafjár. Fyrir starfa þennan fær hver þeirra 250 kr. þóknun á ári hverju.

Nú forfallast einhver þessara manna frá að mæta á aðalfundum og skipar þá stjórnarráðið mann í hans stað.